

Alþjóðleg hátíð bænarrinnar – 2024

Lofgjörð—Guð er skaparinn og ríkir yfir öllu sem lifir. Enginn er æðri Honum og Guðs kraftur, styrkur, máttur og dýrð er meiri en allt.

Þín er tignin Drottinn, mátturinn, dýrðin, vegsemdin og hátignin, því að allt er þitt á himni og jörðu. Drottinn, þitt er konungdæmið og þú ert hafinn yfir allt. 1. Krónikubók 29:11.

„Drottinn Guð. Þú ert nú tekinn að sýna mér, þjóni þínum, mátt þinn og sterka hönd þína. Hver er sá guð, á himni eða jörðu, sem hefur unnið slíkar dáðir og máttarverk sem jafnast á við þín? 5. Mósebók 3:24.

Mikill er Drottinn og mjög vegsamlegur, veldi hans er órannsakanlegt. Sálmarnir 145:3.

Ég bið hann að upplýsa sjón hjartans svo að þið sjáið hver sú von er sem hann hefur kallað okkur til, hve ríkulega og dýrlega arfleifð hann ætlar okkur meðal hinna heilögu og hve kröftuglega hann verkar í okkur sem trúum. En þetta er sami áhrifamikli, kröftugi mátturinn sem hann lét koma fram í Kristi er hann vakti hann frá dauðum og lét hann setjast sér til hægri handar á himnum. Efesus 1:18-20.

Játning—Guð, vertu mér náðugur sakir elsku þinnar, afmá brot mín sakir þinnar miklu miskunnsemi. Þvo mig hreinan af misgjörð minni, hreinsa mig af synd minni. Sálmarnir, 51:3-4.

Þakkargjörð—Þú hefur unnið þetta stórvirki vegna loforðs þíns og samkvæmt vilja þínum og skýrt mér, þjóni þínum, frá því. Þess vegna ert þú mikill, Drottinn Guð. Enginn jafnast á við þig og enginn er Guð nema þú eins og við höfum heyrt með okkar eigin eyrum. 2. Samúelsbók, 7:21-22.

Fyrirbæen:

Börnin okkar

Megi _____ rísa upp djörf/djarfur í anda og sál fyrir styrk Drottins og meggi _____ allt sem hann/hún er bera vitni um mikilleika Drottins. Meggi _____ meggi hann/hún boða komandi kynslóðum lofgjörð og vitnisburð um Drottinn, kraft hans og þau dásendarverk sem Hann hefur unnið.

(úr Sálmunum 138:3. Lúkasarguðspjalli 1:46 og Sálmunum 78:4b).

Fyrir týnda

Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn, og trúir í hjarta þínu að Guð hafi upp vakið hann frá dauðum verður þú hólpinn. Rómverjabréfið, 10:9.

Nemendur

Hann bjargaði þeim vegna nafns síns til að kunngjöra mátt sinn. Sálmarnir, 106:8.

Kennarar

Auður og sæmd koma frá þér, þú ríkir yfir öllu. Í hendi þér er máttur og megin, í hendi þér er vald til að efla og styrkja hvern sem vera skal. Fyrri Krónikubók, 29:12.

Skóli

Þannig mun ég sýna að ég er mikill og heilagur og gera mig kunnan í auglýsning margra þjóða. Þá munu þeir skilja að ég er Drottinn. Esekiel, 38:23.

Mæður í bæen

Drottinn er öllum góður og miskunn hans hvílir yfir allri sköpun hans. Öll verk þín lofa þig, Drottinn og dýrkendur þínir vegsama þig, þeir segja frá dýrð ríkis þíns og tala um mátt þinn til að boða mönnum veldi þitt, hina dýrlegu hátign konungdæmis þíns. Sálmarnir, 145:9-12.



Mæður í Bæen Um Allan Heim

Allar Biblíulegar tilvitnanir eru teknar af vefnum: <https://biblian.is/>